

## Agricultural Policies in OECD Countries: At a Glance – 2004 Edition

Summary in Icelandic

### Stefna OECD í landbúnaðarmálum: Við fyrstu sýn – Útgáfa 2004

Ágrip á íslensku

***Í mörgum OECD löndum heldur landbúnaðargeirinn áfram að einkennast af miklum stuðningi og vernd.*** Árið 2003 nam stuðningur við framleiðendur á OECD svæðinu, eins og hann er mældur sem hlutfall af niðurgreiðslujafngildi framleiðanda (Producer Subsidy Equivalent), 32% af búvörureikningum sem er lítilleg aukning frá 2002, en lækkun úr 37% á árunum 1986-88. PSE á árinu 2003 er áætlað 257 milljarðar bandaríkjadollara eða 229 milljarðar evra.

***Umbætur hafa speglast í samsetningu stuðnings.*** Hluttur þess stuðningsforms sem helst aflagar framleiðslu og viðskipti – afraksturs- og framlagstengdur stuðningur – hefur minnkað úr yfir 90% stuðningi við framleiðendur árin 1986-88, í um það bil 75% árin 2001-03. Einnig hefur orðið lítilleg afmörkun á dreifingu á magni stuðnings milli vörutegunda. Á meðan þessi framvinda er athyglisverð, þá er stefna sem beinist að tilteknum markmiðum og styrkþegum mjög hógværliga notuð, og því er frekari viðleitni í þessa átt nauðsynleg. Einnig er þörf á frekari viðleitni til að tryggja að stefnan sé gegnsærri, sé sérsniðin að tiltekinni niðurstöðu, sveigjanleg til að bregðast við breytingum á forgangi, og sanngjörn. Þessi hluti afraksturs- og framlagstengds stuðnings, sem enn er svo stór, hvetur til framleiðslu innanlands, aflagar viðskipti og stuðlar að því að þrýsta niður heimsverði á landbúnaðarvörum. Landbúnaðarstefna í OECD löndum leggur stundum ónauðsynlegan kostnað á neytendur innanlands og skattgreiðendur, og ýmsar stuðningsreglur setja þrýsting á umhverfið og refsar samkeppnishæfum birgjum, þar með talið í þróunarlöndunum.

***Umbætur í landbúnaðarstefnu eru áfram ákaflega breytilegar milli landa.*** Það er mikill og sívaxandi munur á stuðningi milli OECD landa, og talsvert breytilegt að hvaða marki frekari umbætur eru nauðsynlegar. Stuðningur við framleiðendur í Ástralíu og Nýja-Sjálandi var innan við 5% af búvörureikningum á árunum 2001-03, í Kanada, Mexíkó, Póllandi, Slóvakíu, Tyrklandi og Bandaríkjunum var hann 20% eða minna, um 25% í Tékklandi og Ungverjalandi, 35% í Evrópusambandinu, og 60% eða meira á Íslandi, í Japan, Kóreu, Noregi og Sviss.

*Nokkrar stefnubreytingar voru innleiddar árið 2003.* Það var fyrsta árið sem frumdrög að landbúnaðarstefnu voru útfærð í **Kanada** og lögin um rekstraröryggi í búskap og fjárfestingu í dreifbýli (**Farm Security and Rural Investment Act**) frá 2002 komu til fullra framkvæmda í **Bandaríkjunum**. **Noregur** innleiddi nýjan staðal um greiðslu á hektara sem allir bændur geta fengið fyrir framlag sitt til menningarlandslagsins. Neyðargreiðslur voru inntar af hendi í **Ástralíu** (þurrkar) og **Kanada** (kúariða). Ýmsar tilraunir voru gerðar til að bæta skilvirkni innanlandsmarkaða á bak við mikilvæga landamæravernd í **Japan** og **Kóreu** (hrísgrjón) og í **Noregi** (mjólkurbú). **Tékkland, Ungverjaland, Pólland** og **Slóvakía** héldu áfram að undirbúa sig fyrir inngönguna í **Evrópusambandið** í maí 2004, meðal annars gegnum breytingar á greiðslum til framleiðenda, fjárframlögum til uppbyggingar og þróun öryggis í vinnslu á matvælum. Samkomulag náðist í **Evrópusambandinu** um endurbætur á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni sem fela í sér mikilvægt skref í átt að aftengingu stuðnings frá framleiðsluákvörðunum, sem koma eiga til framkvæmdar árin 2005-07. Ennig var tekin ákvörðun í **Sviss** um nýjan endurbótapakka í landbúnaði, sem framkvæma á á tímabilinu 2004-07, sem heldur áfram langtímabreytingum í átt frá þeim aðgerðum sem helst aflaga viðskipti.

Hátt heimsverð á kjöti og olíufraei, mjólkurafurðum og hrísgrjónum stakk í stúf við lágt heimsverð á sykri, hveiti og maís árið 2003. Kjötmarkaðir röskuðust vegna útbreiðslu sjúkdóma á nokkrum stöðum í heiminum. Verulegar hreyfingar á gengi, einkum veikari bandaríkjadollar og styrkari evra, voru veigamiklir þættir sem höfðu áhrif á viðskiptaflæði. Á meðan mörg lönd héldu einhliða áfram að framfylgja nauðsynlegum stefnuumbótum, stöðvuðust fjölþjóðlegar samningaviðræður um viðskipti á ráðherrafundinum í Cancún. *Það myndi endurnæra framvindu endurbóta á landbúnaðarstefnu ef áfram miðaði hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni.*

© OECD 2004

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltýngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD  
[www.oecd.org/bookshop//](http://www.oecd.org/bookshop//)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

[rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org)

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)  
2 rue André-Pascal  
75116 Paris  
France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights/](http://www.oecd.org/rights/)

